

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, breyting vegna Tungudalsvirkjunar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, frá 31. október 1990.

Breytingin felst í skilgreiningu á 400 fermetra atvinnusvæði (iðnaðarreit) fyrir stöðvarhús, þrýstivatnslögn og lagnaleið raflínu vegna Tungudalsvirkjunar við Tunguá á Ísafirði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 8. desember 2004.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*